

Fréttabréf Tónó

Okt. 2019

Tónlistarskóli Stykkishólms

Stofnár 1964

Mikill gestagangur í haust

Óvenjumikill gestagangur hefur verið hjá okkur í haust. Í september tókum við á móti hópi af fólki frá Norðurlöndunum sem var hér á vinabæjamóti, sýndum þeim skólann og sögðum frá skólalastarfinu.

Í lok september komu fastagestir sem eru fyrsta árs tónlistarnemar Listaháskólans. Þeir unnu verkefni alla vikuna og enduðu með tónleikum í salnum. Nokkrir okkar nemenda tóku þátt í hluta dagskrárinnar og voru mjög ánægðir.

Í síðustu viku komu tvær tónlistarkonur og fengu aðstöðu til að semja tónlist við ljóð Ingibjargar Haraldsdóttur sem þær svo fluttu í kirkjunni okkar á sunnudaginn var. Ekki gleyma Þjóðleikhúsinu, leikhúsinu okkar, sem heimsótti bæinn og var með tvær leiksýningar fyrir nemendur leik- og grunnskólans í salnum okkar.

Lúðra- og trommusveitir

Lúðrasveit Stykkishólms æfir í þremur deildum í vetur eins og undanfarin ár. Auk þess er verið að æfa trommusveitir sem eflaust munu setja svip á tónleikana okkar í vetur. Gaman er að segja frá tilraunaverkefni þar sem til stendur að æfa sérstaka „old boys“ trommusveit. Áhugasamir setji sig í samband við Haffa.

Hefðbundnir haust- og vortónleikar verða hjá lúðrasveitinni, auk þess sem verið er að skoða hvort Litla Lúðró fer á landsmót í apríl og Stóra Lúðró e.t.v. í utanlandsferð.

Yfirlit yfir tónleikahald í haust:

Tónfundir í sal skólans:

28. okt.	(mán.)	kl. 18:00	nemendur Hólmfríðar
29. okt.	(þri.)	kl. 18:00	nemendur Martins
29. okt.	(þri.)	kl. 19:00	nemendur Anastasiu
30. okt.	(mið.)	kl. 18:00	nemendur Hólmgeirs
30. okt.	(mið.)	kl. 18:45	nemendur Lászlós
5. nóv.	(þri.)	kl. 18:00	nemendur Hafþórs

Hausttónleikar lúðrasveitarinnar í Stykkishólmskirkju:

Fimmtudaginn 21. nóv. kl. 18:00

- Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir!

**Munið að allir eru hjartanlega velkomnir
á alla tónleika og tónfundir skólans!**

Maxímús Músíkus kemur í heimsókn

•••

Miðvikudaginn 23. október ætlar hin víðfræga tónlistarmús, Maximús Músíkus að koma í heimsókn í tónlistarskólann okkar.

Þá verðum við með fjölbreytta tónleika fyrir elstu börn leikskólans og 2.-4. bekk grunnskólans hér í salnum.

Kennsla og haustfrí

•••

Í haustfríinu í nóvember ætlum við í tónlistarskólanum að **kenna á miðvikudeginum 6. nóv.** en fara síðan í haustfrí eins og hinir skólarnir. Kennsla byrjar svo aftur þriðjudaginn 12. nóv. eins og í leik- og grunnskóla.

Ný hljóðfæri

•••

Búið er að kaupa nokkur ný hljóðfæri eftir að hljóðfærakaupasjóðurinn fékk allar afmælisgjafirnar í vor.

Tveir vandaðir gítarar hafa bæst í hópinn og ný nett túba. Nokkur hljóðfæri voru keypt fyrir forskóla II, þar á meðal 2 ukulele (blátt og gult) og 2 appelsínugular plast-þverflautur. Það nýjasta er svo rafmagnspíanó sem við ætlum að prófa til útleigu.

Æfingabúðir

•••

Æfingabúðir lúðrasveitanna:

- Stóra Lúðró 26. október (lau.)

- Litla Lúðró 16. nóvember (lau.)

Foreldrar fá sendan tölvupóst.